

Umhverfisstefna HEF veitna

Við leggjum áherslu á vistvænar lausnir og skynsamlega og ábyrga nýtingu auðlinda til að lágmarka umhverfisáhrif og stuðla að sjálfbærri þróun til framtíðar.

Áherslur okkar í umhverfismálum

- Við tryggjum **ábyrga auðlindanýtingu** með því að lágmarka sóun, hámarka nýtingu orku og vatns og innleiða tæknibúnað til að bæta orkunýtni og minnka kolefnisspor.
- Við vinnum að **nýjum, framsæknum lausnum** í sjálfbærni, t.d. með orkusparnaði og umhverfisvænni tækni.
- Við tryggjum að framkvæmdir og rekstur fari fram með **lágmarksáhrifum á náttúruna** og að landslag og ásýnd sé til fyrirmyndar.
- Við byggjum á **trausti og gagnsæi** með skýrri upplýsingagjöf til samfélagsins um umhverfismál og áhrif starfseminnar.
- Við vinnum með hagaðilum, sveitarfélagi og viðskiptavinum að **umhverfisvænni lausnum og ábyrgri stefnumótun**.